


	Bls.
Úrslit vísnaðkeppninnar 1982	1
Vísnaðkeppni 1983	5
Hannes Pétursson: Vísnaðmál	6
Héraðsbókasafn Skagfirðinga, Safnaðhús Skagfirðinga	11
Skjalasöfn hreppanna í Skagafjarðarsýslu Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagf. 1982	15
Úr Héraðsskjalasafni	18
Hver er maðurinn?	23
Safnafréttir	28

7. árgangur 1983

safna mál



Útgefandi:
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA
og
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA
SAUÐÁRKRÓKI

Gefið út með styrk úr
MENNINGARSJÓÐI
MAGNÚSAR BJARNASONAR
kennara

Umsjón:
HJALTI PÁLSSON
KÁRI JÓNSSON
KRISTMUNDUR BJARNASON

Ábyrgðarmaður:
KÁRI JÓNSSON

AKUREYRI
PRENTVERK ODDS BJÖRNSSONAR HF.
MCMLXXXIII

Úrslit vísnaþekppinnar 1982

Andrés Björnsson útvarpsstjóri og Sigurjón Björnsson prófessor sýndu Safnamálum sem fyrr þá velvild að dæma í vísnaþekppinni.

Að þessu sinni skyldi velja beztu vísuna um hafið og einn botn við hvorn fyrripart. Niðurstaðan varð sú, að „Addi“ varð hlutskarpastur, orti raunar þrjár vísur, og þótti þessi bezt:

Brimsins faldur ber við loft,
bergtröll aldið grætur.
Sorgum valda okkur oft
ægis kaldar dætur.

Undir höfundarnafninu „Addi“ leyndist: Andrés H. Valberg,
Langagerði 16, Reykjavík.

Beztu botnarnir þóttu við fyrripartana:

Botn: Sólin býður birtu og yl,
brosin kvikna á vanga.
Klökkna í dölum klakaþil,
kyrrist sær við dranga.

Viltu berja botninn í
böguna þá arna?
Ekki standa ætti á því,
enda færð'ann þarna.

Höfundur fyrri botnsins er: Ragnar Örn, Fellsmúla 11, Reykjavík.

Höfundur að botni síðari vísunnar: Andrés H. Valberg, áður-nefndur.

Addi er því óumdeilanlegur sigurvegari í þessari keppni. Vísur hans um hafið voru þrjár og báru allar af. Hinar voru:

Birtist myndin fjalla fríð,
feykir lyndistrega.
Speglar tinda, holt og hlíð,
hafið yndislega.

Frá Skagatá og inn að á
öldur knáar halda.
Sólin stráir silfri á
sævar bláa falda.

Kveðja frá Steini til Safnamála:

Sígild tel ég Safnamál,
sett með góðu lettri.
Þau gleðja huga og göfga sál,
en gætu verið betri.
Steinn.

Við þökkum kveðjuna „Steins“, en þar er á ferð gamall kunningi Safnamála, Freysteinn A. Jónsson, Efstasundi 48, Reykjavík.

Af öðrum botnum, sem keppninni bárust, verða að nægja þessi sýnishorn, sem raðað er í stafrófsröð eftir upphafsorði:

Herðabreiðra hæða til
hlíðarbrekkur anga.
Högni.

Víst er sælt að vera til
vorsins daga langa.
Starkaður.

Bak við dulnefnið Högni leyndist Helgi Sæmundsson, Holtsgötu 23, Reykjavík, en Starkaður reyndist vera Bjarni Magnússon, Þórufelli 4, Reykjavík.

Hinn fyrriparturinn var m.a. botnaður svo:

Ef mér gæfist aðeins frí,
ætla ég hana að barna.
P.Z.

Seinna ei vænna sýnist því
söguna að barna.

Yfir sveit og borg og bý
blikar ástarstjarna.
Sörli.

Sörli er Helgi Sæmundsson, en P.Z. Guðmundur Stefánsson frá Hrafnhóli, Furulundi 7 A, Akureyri.

Um hafið var ort auk þess, sem fyrr er tíundað:

Hafið sína hörpu knýr,
hátt fer þessi kliður:
Hvar sem þjóð mín hljóðnæm býr
heyrir sjávarniður.
Dofri.

Hvar sem ægis öldusvið
ársól logagyllir,
dvöl við hafsins hörpuklið
hugans óró stillir.
Fjörulalli.

Undramyndum að mér hlóð,
eflist líka hvötin,
þegar sólin geislaglóð
gyllir sjávarflötinn.
P.Z.

Undir höfundarnafninu Dofri orti Helgi Sæmundsson; Ragnar Örn nefndi sig Fjörulalla. P.Z. notaði Guðmundur Stefánsson, eins og áður greinir.

Að lokum skal komið athugasemd: Í Vísnamálum í 6. árg. Safnamála birtist vísa eftir Þórarin Sveinsson frá Kílakoti í Kelduhverfi og sagt, að höfundur hafi kallað hana sjálfslýsingu. Helgi Hálfðanarson hefur bent Safnamálum á, að vísan sé höfð á annan veg í Þingeynskum ljóðum (1940), „þar sem hún er út gefin eftir honum sjálfum“, þ.e. Þórarni. Þar ber hún fyrirsögnina *Eftirmæli*, og er þriðja vísuorð á þessa leið: „Völl hann átti, en hann var“, og í annarri ljóðlínu er komma á eftir „háttum“. Helgi bætir við: „Svona heyrði ég ævinlega farið með þessa vísu í Þingeyjarsýslu, þegar ég var þar búsettur frá 1943 til 1963.“

Naumast er efamál, að þannig er vísan í upprunalegri mynd, þótt hún sé birt í ljóðabók Þórarins, *Að heiman*, sem Björn, sonur höfundarins bjó til prentunar, á sama veg og í 6. árg. Safnamála.

Safnamál þakka Helga ábendinguna, svo og öllum þeim, sem að þessu sinni tóku þátt í vísnaþeppninni.

K. B.

Vísnaþeppni 1983

Beðið er um botna við eftirfarandi fyrriþarta:

Næðingur og nepjan köld
nú vill lýði þreyta. . .

— — —

Geislar sól um grænan völl,
gyllir hól og rinda. . .

Að venju eru lesendur beðnir að yrkja um tiltekið efni; að þessu sinni um *sumarleyfi* (orlof).

Skilafrestur er til 20. janúar 1984.

Botna og vísur skal merkja dulnefni. Höfundarnafn fylgi í lokuðu umslagi, merkt dulnefninu. Kveðskapinn skal senda til Héraðs-skjalasafns Skagfirðinga á Sauðárkróki.

K. B.

Vísnamál

Séra Tryggvi H. Kvaran á Mælifelli var einn þekktasti hagrðingur í Skagafirði á sinni tíð. Hann fæddist 1892, fékk veitingu fyrir Mælifelli sumarið 1919 (hafði þá verið þar aðstoðarprestur eitt ár) og sat staðinn til æviloka, 1940.

Vísur eftir séra Tryggva hafa víða farið manna á milli og sumar komið á prenti hingað og þangað. Ekki er vitað til, að hann héldi kveðskap sínum saman, og verða hér gripnar upp fáeinar tækifærisvísur eftir eins góðum heimildum og völ var á. Munu fæstar þeirra mörgum kunnar nú.

Á Mælifelli var vetrarstúlka framan úr Dölum, há vexti og gríðarfeit. Prestur kvað í góðu skapi:

Á hana get ég alltaf horft
allan heila daginn;
tvö eru lærin tunna hvort,
en tæplega skippund maginn.

Einhvern tíma þótti séra Tryggva ekki sérlega mikið varið í húsameistara nokkurn, þjóðkunnan. Þá varð til þessi vísa:

Hjá alvirkunni eg hef séð
eitt, sem ég á móti var:
Guð hefur engan glugga léð
á gáfnafarið Sigurðar.



Séra Tryggvi Kvaran á Blesa. (Ljósgr.: S.L. Tuxen.)

Kunnur bóndi í Blönduhlíð, fylgismaður Sjálfstæðisflokksins, kvæntist heldur seint. Brúðurin var frá framsóknarheimili, eins og sagt er. Þegar Mælifellsprestur heyrði um giftinguna mælti hann:

Nú kom frétt um nýjan sið.
Nú er að spretta upp skrýtið lið:
Framsókn blíðu blandar við
Blönduhlíðaríhaldið.

Stúlku í Lýtingsstaðahreppi leizt vel á strák í sveitinni, en gat ekki fundið hann svo oft sem hún óskaði. Hún þeysti eitt haustið í Mælifellsrétt, og þaðan fór hún hraðfari vestur í Stafnsrétt, allt til þess að geta fylgt eftir piltinum sínum, var sagt. Tryggvi prestur lagði orð í munn stúlkunni:

Rauður minn fer sprett í sprett,
sprettinn þola má hann,
því að ég fer rétt úr rétt,
rétt til þess að sjá hann.

Sigurður Egilsson, síðast í Stekkjarholti í Tungusveit, hefur sagt svo frá að einu sinni, meðan hann var ungur maður í föðurgarði á Sveinsstöðum, væri hann staddur á Lýtingsstöðum í gleðskap. Þá var fyrsti sunnudagur í góu 1935, Áfengisverzlun ríkisins aftur opin almenningi og hafði Árni Pálsson prófessor — eða einhver annar orðsnjall maður fyrir sunnan — nefnt brennivínið Svartadauða vegna þess, hvernig flöskumiðinn leit út. Séra Tryggvi lék á als oddi þarna í gleðskapnum og sagði mönnum, að hann hefði þá um morguninn kveðið vísu þegar hann gekk frá mánaðarlegru veðurskýrslu til Jóns Eyþórssonar og látið vísuna fljóta með. Á þessum tíma var veðurathugunarstöð á Mælifelli, sú er seinna var flutt út í Nautabú. Raunar minnti Sigurð, að séra Tryggvi segðist oft senda Jóni vísu með veðurskýrslunum. Þennan fyrsta sunnudag í góu '35 var fagurt um að litast, jörð hvít og sólskin yfir. Vísan til Jóns Eyþórssonar hljóðaði þannig:

Glöð nú skartar góa mín
gulls með bjarta auði,
yljar hjartað linda-lín,
landi og Svartidaudi!

Það var á námsárum séra Tryggva að Gísli Björnsson, bóndi á Skíðastöðum í Lýtingsstaðahreppi, varð samferða honum og Ingibjörgu Jóhannsdóttur á Löngumýri utan frá Sauðárkróki og fram Eylendið. Tryggvi reið hesti sem nefndist Rosti, en Frosti hét hestur Ingibjargar, og voru báðir frá Löngumýri, hafði Ingibjörg skotið gædingi undir frænda sinn. Tryggvi var hýrgaður og kvað á leiðinni þessa vísu sem Gísli lærði samstundis:

Að mér brosti auðar-lín,
ekki er Rosti fúinn,
eru Frosti og frænka mín
fögurum kostum búin.

Séra Tryggvi kvað margt smellið áður en hann settist að í Skagafirði, þótt hér skuli ekki út í það farið, að slepptri einni vísu — um hina pólitísku blaðaritstjóra fyrir sunnan:

„Þú mátt eiga þetta lið,
það mun við þig stjarna“
sagði Drottinn Satan við
og sýndi honum ritstjórana.

Bílferðavísur frá kreppuárunum reka hér lestina. Það var einu sinni að séra Tryggvi, að því er hann sagði sjálfur Guðmundi Davíðssyni á Hraunum í Fljótum, tók sér far frá Daufá til Sauðárkróks með Pétri Guðmundssyni bílstjóra frá Vatni á Efrabyggð. Á leiðinni út eftir bilaði annað ljóskerið á bílnum (hitt mun hafa verið bilað fyrir). Pétur greip þá kerti sem hann var með í bílnum, stakk því inn í luktina og festi með vír, tók líka klút sem hann festi við luktina á sama hátt til þess að hlífa loganum fyrir mesta gustinum á móti, kveikti á kertinu og ók svo af stað. Séra Tryggva varð vísa á munni:

Lánuð er honum listin dýr,
lengi flýtur Pétur:
Hafi hann kerti, klút og vír,
keyrir enginn betur.

Það var í annan tíma, skömmu eftir 1930, að nokkrir Lýtingar ferðuðust á bílpalli framan að út á Krók. Þá höfðu hjónin Pálmi Þorsteinsson frá Hjaltastöðum og Sigrún Guðmundsdóttir frá Reykjarhóli reist nýbýlið Varmahlíð. Stóð í brekkunni steinsteypt hú, kallað af sumum í gamni Trjónukot, því svo þakbratt var það.

Líka hafði verið sett niður bensíndæla í Varmahlíð, og munu húsið og dælan vera fyrstu mannvirkin á þeim góða stað. — Nú koma Lýtingar framan að á bílpallinum, léttir í lund, því óðum styttist „í apótekið“. Mælifellsprestur var í hópnum og sérstaklega kátur. Taka menn að gantast græskulaust með Varmahlíð hina nýju, og kvikna þegar þrjár vísur á vörum prests. Ein þeirra hefur því miður týnt niður, en hinar hljóða svo:

Framsóknar er fögur tíð
og fjöldi sæll í trúnni.
Vildi ég búa í Varmahlíð
og vera þar einn með frúnni.

Ef ég aðeins fengi frið
frúna við að hjala,
skyldi ég Pálma leggja lið
og láta verkin tala.

Þetta hitti í mark. Í fyrsta lagi var *Varmahlíð* glænýtt orð í kveðskap og fór því skemmtilega í eyrum þarna á stundinni. Í öðru lagi — og það vissu allir sem á bílpallinum stóðu — höfðu Varmahlíðarhjón ekki eignast barn þegar þarna var komið. Og í þriðja lagi hafði nýverið (1931) birzt allmikið rit sem hét *Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927-1930*, kallað af almenningi „Verkin tala“.

Séra Tryggvi á Mælifelli mun vera fyrsti maður sem gerir sér staðinn í Varmahlíð að yrkisefni, og því eru þessar vísur hans í kaupstaðarferð, kveðnar í galsa, dálítið sögulegar. Nokkrum árum seinna, vorið 1940, féll svo í hans hlut að flytja Varmahlíð — sem eins konar draumalandi Skagfirðinga — hyllingaróð, þegar hann fór úr ræðustóli á Varmahlíðarhátíð með kvæði sitt *Vor í Skagafirði* við mikla hrifningu þeirra sem á hlýddu. En það er annað mál. Og fáum vikum seinna var hann allur.

Hannes Pétursson.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga

Safnahús Skagfirðinga

ÁRSSKÝRSLA 1982

Héraðsbókasafnið var opið 16 stundir, 5 daga vikunnar allt árið nema yfir sumarmánuðina júlí og ágúst. Þá var einungis opið 5 stundir, mánudaga og fimmtudaga. Afgreiðslutíminn var kl. 4-7 s.d. mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga, kl. 7.30-10 s.d. fimmtudaga og kl. 2-6.30 s.d. föstudaga. Útlánadagar urðu 221.

Lánþegar frá 1. júlí 1981 til 30. júní 1982 urðu alls 579, eða nákvæmlega jafnmargir og fyrra ár. Barnaskírteini urðu 198, en fullorðinsskírteini 381. Gjald fyrir lánskírteini var hækkað á árinu og kostar nú 100 kr. árgjaldið fyrir fullorðna, en 20 kr. fyrir börn og ellilífeyrisþega. Sektargjald var 50 aurar á bók fyrir hvern van-skiladag.

Reglum um lánstíma var breytt lítillega. Eftir sem áður máttu fullorðnir taka allt að 10 bækur í einu, en börn 4. Lánstími var 21 dagur, en á nýjum bókum var lánstími færður úr 7 dögum í 10 daga og máttu fullorðnir hafa 2 nýjar bækur í senn, en börn eina. Þessar reglur um nýjar bækur eru láttnar gilda nokkra mánuði eftir útkomu þeirra til að sem flestir eigi þess kost að fá nýjustu bækurnar.

Heildarútlán ársins urðu 38.464 bindi, eða 5.4% aukning frá fyrra ári. Þessi aukning verður þrátt fyrir að lánþegum fjölgi ekki. Útlánin skiptast þannig, að bókmenntir voru 31.663 bindi, en flokka-bækur 6.989 bindi. Nánar greinist þetta þannig niður:

000 rit almenns efnis	208
100 heimspeki og sálarfræði	274
200 trúarbrögð	107

300 félagsfræði	984
400 tungumál	26
500 raunvísindi	115
600 tækni og framleiðsla	544
700 listir	268
800 bókmenntir	31.663
900 landafræði og ævisögur	4.275

Samtals 38.464

Til togara Útgerðarfélag Skagfirðinga voru lánuð 466 bindi og til annarra safna 99 bindi. Gerð var tilraun með að fá nýlegar bækur á Norðurlandamálum frá bókasafni Norræna hússins. Komu u.þ.b. 90 bækur til sýningar og útláns um 6 vikna skeið í apríl og maí og sýndu ýmsir þessu áhuga. Voru lánuð út 40 bindi af þessum bókum.

Haft var samstarf við Borgarbókasafn Reykjavíkur um útlán á blindrabókum. Notendur eru þó mjög fáir og voru einungis 20 útlán á blindrabókum.

Í aðfangabók bættust 900 bindi og skráð númer í árslok 18.660. Bundnar voru 50 bækur í kjölfestuband.

Sem fyrr gáfu ýmsir safninu bækur, blöð og tímarit og eru þeim öllum færðar þakkir. Skrá um gefendur fylgir hér aftan við.

SAFNAHÚS SKAGFIRÐINGA

Mikil og fjölbreytileg starfsemi fór fram í Safnahúsinu sem endranær. Tónlistarskólinn hafði enn meginhluta kennslu sinnar í Safnahúsinu og auk þess voru salir leigðir til ýmiss konar athafna. Bæjarstjórn hélt sína fundi í húsinu 23 talsins og sýslunefnd þingaði í 5 daga, aðrir fundir voru 18. Tónleikar urðu 6 fyrir utan skóla-tónleika Tónlistarskólans, listsýningar 4, aðrar sýningar 3, réttarhald og skiptafundir 3, bridgespilakvöld 6. Auk þess fengu nokkrir

Safnamál . 12

inni fyrir söngæfingar og kjörfundur til bæjarstjórnarkosninga var haldinn í húsinu.

Hinn 15. apríl kom Kristján Eldjárn f.v. forseti á vegum Safnahússins og flutti erindi, sem hann nefndi: Sumardvöl á Grænlandi fyrir 45 árum. Jafnframt sýndi hann skuggamyndir og var aðsókn mjög góð.

Safnahúsið var málað utan um sumarið og einnig sýningarsalur á neðri hæð.

Safnahúsinu barst eiguleg gjöf frá Kjarvalsstöðum í Reykjavík. Voru það 13 flekar með upplímdum myndum og texta, er sýndu og sögðu frá æviferli Bertels Thorvaldsen myndhöggvara. Var þetta hluti af hinni veglegu Thorvaldsen sýningu, sem haldin var á Kjarvalsstöðum í september og október.

Starfslið safnanna var óbreytt frá árinu áður: Hjalti Pálsson bókaforður og forstöðumaður Safnahússins í heilu starfi, Anna Pálsdóttir afgreiðslumaður í bókasafni í hálfu starfi, Kristmundur Bjarnason skjalavörður í hálfu starfi og Jóna Sveinsdóttir, sem hefur með höndum ræstingu hússins.

Kosin var ný stjórn safnanna á árinu og er hún nú skipuð eftirtöldum mönnum: Kári Jónsson formaður, Rögnvaldur Gíslason og Sigurlaug Sveinsdóttir tilnefnd af bæjarstjórn. Fulltrúar sýslunefndar voru kjörnir: Kristmundur Bjarnason og Jóhann Salberg Guðmundsson, en séra Gunnar Gíslason frá Glaumbæ tók sæti Jóhanns Salberg seinast á árinu, þegar hann lét af sýslumannsembætti og fluttist brott úr héraði.

Skrá yfir gefendur til Héraðsbókasafnsins:

Ágústa Jónsdóttir, Lindargötu 5, Sauðárkróki.
 Ása Helgadóttir, Skagfirðingabraut 47, Sauðárkróki.
 Anna Pálsdóttir, Birkihlíð 4, Sauðárkróki.
 Björn Egilsson, Sveinsstöðum, Lýtingsstaðahreppi.
 Björn Jónsson, Swan River, Kanada.
 Eyþór Stefánsson, Fögruhlíð, Sauðárkróki.
 Guðrún Jónsdóttir, Ránarstíg 8, Sauðárkróki.

Safnamál . 13

Kristmundur Bjarnason, Sjávarborg, Skagafirði.
Ólafur Sveinsson, Víðihlíð 14, Sauðárkróki.
Ragnar Örn, Fellsmúla 11, Reykjavík.
Ramborg Jóhannesdóttir, Víðigrund 16, Sauðárkróki.
Sigurjón Sveinsson, Öldustíg 11, Sauðárkróki.
Sigurlaug Hallsdóttir, Dvalarheimili aldraðra, Sauðárkróki.
Steinvör Júníusdóttir, Öldustíg 11, Sauðárkróki.
Svavar Ellertsson, Aðalgötu 13, Sauðárkróki.
Sæmundur Hermannsson, Skagfirðingabraut 47, Sauðárkróki.

Hjalti Pálsson.

SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA

SAFNAHÚSINU, SAUÐÁRKRÓKI

Sími (95)5424

Aðalumboðsmenn:

Árni M. Jónsson, Grundarstíg 1, Skr., heimasími 5128
Hjalti Pálsson, Safnahúsinu, Sauðárkróki, sími 5424

Umboð á Akureyri:

Jón A. Jónsson húsvörður, Hafnarstræti 107, sími 23532

Umboð í Reykjavík:

Sögufélagið, Garðastræti 13b, sími 14620

Safnamál . 14

Skjalasöfn hreppanna í Skagafjarðarsýslu (frh.)

Rípurhreppur	Bréf til oddvita	1899-1911
	—	1958-1967
	—	1968-1973
Hreppstjóri	Hreppsbók/sveitarbók	1791-1856
	—	1854-1876
Bréfabók	—	1875-1911
—	—	1911-1920
Hreppaskilabók/skýrslubók	—	1920-1937
	—	1938-1949
Uppskrifta/virðinga/ uppboðsbók	—	1950-1960
Úttektabók	Reikningar	1893-1909
Hundahaldsbók	—	1961-1967
Reikningar	Skýrslur forðagæslumanna	1956-1968
—	—	—
—	Skattanefnd	—
Búnaðarskýrslur	Gerðabók	1938-1955
—	—	1956-1962
Hreppsnefnd	Skólanefnd	—
Fundagerðabók	Prófbók	1909-1958
—	Dagbækur	1932-1958
—	Skýrslur og reikningar	1946-1961

Sáttanefnd		Úttektabók	1891-1907
Gerðabók	1862-1936		(ein útt. úr Skarðshr. 1908)
Búnaðarfélag		Reikningar	1817-1818
Fundagerða- og reikningabók	1912-1929	—	1819-1820
Fundagerðabók	1943-1974	—	1821-1822
Reikningabók	1933-1942	—	1823-1824
Fundargerðir og reikningar	1942-1944	—	1825-1829
Fjallskilasjóður		Búnaðarskýrslur	1826-1860
Gangnaboð	1945		
—	1950-1960	Hreppsnefnd	
Reikningar	1940-1961	Fundagerðabók	1904-1907
Skjöl	1952-1962	Hreppsþók/sveitarþók	1902-1907
Kaupfélag Skagfirðinga — Rípurdeild		Reikningar	1893-1907
Fundagerðabók	1913-1962	Sáttanefnd	
Nautgriparæktarfélag		Gerðabók	1899-1907
Sjóðbók	1928-1934		(notuð áfram f. Skr. og Ska.)
Reikningar og skjöl	1930-1940	Búnaðarfélag	
		Fundagerða- reikninga- og skýrslubók	1886-1907
			(notuð f. Ska. til 1933)
		Seyluhreppur	
		Hreppstjóri	
Sauðárhreppur		Bréfabók	1903-1926
Hreppstjóri		Skjöl	1935-1970
Hreppaskilabók/skýrslubók	1900-1907	Hreppaskilab./skýrslubók	1877-1901
(notuð til 1928 f. Skarðshr.)			(í sveitarb. 1861-1876)
		—	1902-1915

Hreppaskilabók	1916-1924	Bréfabók	1923-1926
—	1924-1936	Skjöl oddvita	1921-1940
—	1936-1946	—	1941-1950
Uppskrifta/virðinga/uppboðsbók	1880-1911	—	1951-1960
—	1912-1931	—	1961-1970
—	1924-1935	Dagbók	1919-1923
Úttektabók	1840-1864		og 1935-1936
—	1865-1888	Hreppsþók/sveitarþók	1790-1816
—	1889-1903	—	1834-1861
—	1904-1929	—	1861-1876
—	1931-1945	—	1877-1906
		—	1906-1922
		—	1922-1929
		—	1930-1942
Hreppstjóri		Reikningar	1893-1909
Reikningar	1814-1816	—	1962-1965
—	1819-1820	—	1966-1969
—	1824-1828	—	
—	1829-1859	Forðagæzlubók	1914-1929
Búnaðarskýrslur	1826-1860	Skýrslur og bréf forðagæslumanna	1925-1926
—	1926-1927	—	1935-1948
—	1946-1957	—	1950-1951
—	1959-1963	—	1958
Kjörskrá	1928-1957	—	1965-1968
Manntöl	1930-1932	Iðgjaldaskrá almanna-trygginga	1935
—	1934-1942	—	1937
—	1945-1947	—	1940-1941
—	1949-1952	—	1944-1945
—	1959	—	1947-1951
—	1961-1962	—	1954-1957
Skattskrár	1935-1941	—	1961
—	1947-1951	Yfirlit um tryggingar-skyld störf	1946
—	1955	—	1948-1951
—	1963-1969	—	1952-1955
		—	1957
Hreppsnefnd		—	1919-1922
Fundagerðabók	1910-1922		
	(í sveitarb. 1906-1922)		
—	1923-1937		
—	1937-1961		

Útsvarsskrá	1931-1963	Reikningar, gangnaboð og skýrslur um gangnaskyldan fénað	1933-1952
—	1966-1967		
Skrár um aðstöðugjöld	1963-1966		
—	1968-1969		
Grunnteikningar húsa	1932-1934	Garðyrkjufélag	
		Fundagerðabók	1904-1920
Skattanefnd			
Gerðabók	1922-1928	Kvenfélag	
—	1929-1948	Fundagerðabók	1932-1955
		—	1938-1943
Fasteignamatsmenn		Reikningabók	1932-1947
Aðalmat	1940		
Brunabótasjóður		Lestrarfélag	
Bréfabók	1921-1932	Fundagerðir, bókaskrár og ýmis skjöl	1928-1955
Fundagerða- og reikningab.	1928-1933	Fundagerða- og reikningab.	
Iðgjaldabók	1922-1933		1923-1955
Vátryggingabók	1922-1932	Skilabók	1923-1929
Virðingabók	1921-1932	Skilabók Langholtsdeildar	
Búnaðarfélag		Nautgriparæktarfélag	
Fundagerða- reikninga- og skýrslubók	1884-1957	Fundagerðir	1932-1935
Jarðabótabók	1911-1912		
Jarðabótaskýrslur	1935-1944	Ungmennafélagið Fram	
		Fundagerðabók	1908-1914
		—	1929-1950
Fjallskilasjóður framhluta		—	1952-1961
Afsöl f. afréttarlöndum	1901 og 1904	Reikningabók	1931-1962

Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1982

Í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga gerðust engin meiri háttar tíðindi, starfinu þókar áfram, þótt hægt gangi. Allnokkuð var unnið að flokkun, skrásetningu og handritalýsingum, og eru nú (í marz) komin á skrá 146 hdr. in folio (arkarbroti), 579 in 4to (hálfarkarbroti) og 173 in 8vo (áttablaðabroti). Eins og áður er vikið að í Safnamálum, þótti hlýða að greina á milli opinberra, afhendingarskyldra gagna og almennra handrita, sem runnin eru frá einstaklingum, svo sem bréfasöfn, sagnaþættir, rímur og hvers konar kveðskapur, sveitarblöð og dagbækur, svo að eitthvað sé nefnt. Opinberu gögnin eru ríkiseign, en almenn handrit eru fengin sýslu- og bæjarfélagi til ævarandi vörzlu og eiga ekki að fara suður yfir heiðar, hvað sem annað varðar. Af þessum sökum er reynt að halda safninu í tveim deildum. Og hin þriðja deildin hefur bætt við, þar sem er ljósmyndasafnið, og gildir sama um það og almenn handrit.

Innheimta afhendingarskyldra gagna gengur betur en fyrr, þótt víða sé misbrestur á. Handrit úr eigu einstaklinga bættust í búið eins og áður, hvaðanæva, eins og nafnaskráin hér á eftir ber með sér. Um 300 ljósmyndir bættust við safnið, sumar gefnar, aðrar fengnar að láni og eftir þeim tekið. Spjaldskráning féll hins vegar niður síðastliðið sumar.

Óþekktar myndir eru að staðaldri birtar í blaðinu Feyki og gefur

göða raun. Einnig er þeim komið fyrir í sýningarskáp í Safnahúsinu; er hann þar í alfaraleið og árangur jafnan nokkur.

Safnið var vel sótt á árinu, 701 gestur skráði sig. Erindi rekin utan afgreiðslutíma safnsins voru 370, allmiklu færri að tölunni til en árið áður, en sum eigi að síður ærið tímafrek. Meiri hluti fyrirspurna kom frá fólki utan héraðs.

Vinna við lykilskrár handritasafnsins er í undirbúningi.

Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga styrkti ljósmyndasafnið með tíu þúsund króna gjöf. Héraðsskjalasafnið færir sjóðnum beztu þakkir, svo og þeim mörgu, sem hlynnt hafa að safninu með handritagjöfum.

K. B.

Skrá yfir gefendur 1982

Ágústa Baldursdóttir og Kristinn Gíslason, Hveragerði.

Anna Gunnlaugsdóttir, Klapparstíg 3, Akureyri.

Árbæjarsafn, Reykjavík.

Árni Árnason frá Kálfsstöðum, Ægisstíg 6, Sauðárkróki.

Árni Sigurðsson pr., Blönduósi.

Arnór Sigurðsson, Suðurgötu 20, Sauðárkróki.

Auður Vilhelmsdóttir, Hólavegi 26, Sauðárkróki.

Björn Egilsson frá Sveinsstöðum.

Björn Jónsson, Bæ.

Björn Jónsson eftirlitsm., Sauðárkróki.

Eyþór Stefánsson, Fögruhlið, Sauðárkróki.

Gamaliel Sigurjónsson, Suðurgötu 1, Sauðárkróki.

Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá.

Guðmundur Sigurðsson, Lundi, Holtshreppi.

Guðný Björnsdóttir, Raftahlíð 19, Sauðárkróki.

Guðný Tómasdóttir, Álftamýri 10, Reykjavík.

Guðrún Gunnlaugsdóttir, Dvalarheimili aldraðra, Sauðárkróki.

Gunnar Gíslason pr., Varmahlíð.

Gunnhildur Björnsdóttir, Grænumýri.

Hannes Pétursson, Túngötu 25, Álftanesi.

Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu.

Héraðsskjalasafn Svarfdæla, Dalvík.

Hjalti Jónsson, Víðiholti.

Hjalti Pálsson, Raftahlíð 57, Sauðárkróki.

Hlíf Árnadóttir og Kristmundur Bjarnason, Sjávarborg.

Hólfríður Jónasdóttir, Víðigrund 16, Sauðárkróki.

Höskuldur Skagfjörð, Hverfisgötu 23, Reykjavík.

Jakob B. Bjarnason, Síðu, Engihlíðarhreppi, A.-Hún.

Johann Kr. Erlendson, Vancouver, B.C., Kanada.

Jón Benónýsson, Njálsgötu 32, Reykjavík.

Jón Björnsson frá Hafsteinsstöðum, Lindargötu 15, Sauðárkróki.

Jóna Franzdóttir, Skógargötu 17, Sauðárkróki.

Jónas Hallgrímsson, Bjarkarbraut 1, Dalvík.

Jónas Haraldsson, Völlum.

Júlíus J. Daníelsson, Dalseli 40, Reykjavík.

Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki.

Kolbrún Guðveigsdóttir, Tjarnarlundi 16, Akureyri.

Margrét Ólafsdóttir, Hólavegi 8, Sauðárkróki.

Margrét Rögnvaldsdóttir frá Hrólfsstöðum, Hrafnistu, Laugarási, Reykjavík.

Ólafur Stefánsson símtjóri, Sauðárkróki.

Ottó A. Michelsen, Litlagerði 12, Reykjavík.

Páll Jónsson, Bollagötu 5, Reykjavík.

Pétur Bjarnason, dbú, Ánastöðum.

Rósa Jensdóttir, Fjarðarhorni, Bæjarhreppi, Strand.

Samband skagfirzkra kvenna.

Sigfríður Þormar, Norðurbrún 1, Reykjavík.

Sigurbjörg Sigurðardóttir, Bárustíg 3, Sauðárkróki.

Sigurður Jónsson, Reynistað.

Sólveig Felixdóttir og Guðmundur Gunnarsson, Höskuldsstöðum.

Stefanía Sigurðardóttir, Fellsmúla 4, Reykjavík.

Sæmundur Dúason, Hríseyjargötu 2, Akureyri.

Sölvi Sveinsson, Kambsvegi 2, Reykjavík.

Tómas Hallgrímsson, Lindargötu 26, Siglufirði.

Tumi Arnórsson, Sæbergi, V.-Hún.

Þóra Kristjánsdóttir, Óslandi.

Ögmundur Helgason, Tómasarhaga 12, Reykjavík.

Örn Eiríksson, Sæbraut 21, Seltjarnarnesi.

Úr Héraðsskjalasafni

Undir þessari fyrirsögn hafa Safnamál borið á borð fyrir lesendur sína ögnina af hverju, brotabrot þess, sem safnið á í pokahorninu, og reynt hefur verið að hafa efnið sem sundurleitast.

Viðtakandi bréfa sr. Matthíasar Jochumssonar, sem hér birtast, var Árni Á. Þorkelsson bóndi á Geitaskarði (1852-1940). — Sr. Matthíasi var létt um bréfaskriftir, lét vaða á súðum, þaut úr einu í annað og skemmti „með skáldlegu bulli“. „Kaldeggið“, kverið, sem hann minnst á í bréfunum og kallar ýmist „Frá æskustöðvum“ eða „Um fornar slóðir“, heitir *Ferð um fornar stöðvar 1913*; prentað í Reykjavík fyrrgreint ár.

Bréfin eru birt orðrétt og stafrétt. Skáldið ritar ýmist *jeg, eg* eða *ég*, og kennir slíkra tilbrigða í rithætti þess a.m.k. frá því um 1890. Að öðru jöfnu ritar sr. Matthías yfirleitt *é* í staðinn fyrir *je*. Trúlega má rekja ósamræmið til stafsetningadeilna fyrir aldamótin, sem lauk með því (1898), að „blaðamannastafsetningin“ svonefnda varð ofan á; þar var svo kveðið á, að rita skyldi *é*, þar sem *je* heyrðist í framburði og einfaldan samhljóða en ekki tvöfaldan á undan öðrum samhljóða, og fleira sagði í fræðum þeim, og verður ekki rakið hér.

K. B.

10. apríl 1914

Elskulegi vin!

Eins og aðra afgangla menn ætlar dagleg deyfð og gleyska mig lifandi drepa; og nú man ég fyrst að ég hét að senda þér (og

Safnamál . 18

Brynjólfi í Þverárdal) nokkur eintök af veslings litla kveri mínu „Frá æskustöðvum“, en eg er ekki farinn að efna það heit enn! Nú heyri eg með skelfingu að þetta kaldegg mitt kverið liggur alsstaðar óselt eins og stumpasirs eða músjetnir sviðafætur, sem enginn rakki vill sér til munns leggja! Sona er að yrkja ótal áratugum of seint og samt skal bæklingsskömmin út -út- út! Og nú bið eg Blöndal, sem átti að selja kverið þeim reidkænu Skagfirðingum að senda þér 10 eintök, sem þú átt að gera — eitthvað við og borga helminginn að ári og hinn helminginn „hinumegin“. Sömu söluskilmála gef eg bróður Br. í Þverárdal, því með þessari geniölu aðferð kem ég 20 expl. á mangarans borð!

Harðindin orðin skratti nærgöngul, og voði eða vá fyrir dyrum víða norður af. En við skulum bíða til sumarsins!

Okkar stórpólítík sprakk í útgönguversinu (kostningunum). Eg kaus heldur Manga okkar, þótt tæpur meðalmaður sé kallaður, enda er hinn líkl. litlu meiri garpur. Og *hverju* er að trúa og *hverjum*? Það er stórt í munni að heita ríki og bjóða öllum alheimi byrginn, en — þegar menn eru allir orðnir að einvaldsherrum (valdaðir þó af öllum vinnukindum landsins), þá mætti ske að enn vantaði eitt-hvað!

Nú er ég uppgefinn, skipið líka á förum.

Ástarþökk fyrir djúpa og dýra velvild!

Gott og einstakl. hagstætt sumar!

Þinn sb. vinur

Matth. Jochumsson.

Góði vin!

Jeg má til, þótt latur sé, að senda þér línu í vinarskyni og þakka þér ástsamlega vinarhót bæði í haust á Ceres og áður umborð — ekki man jeg á hvaða skipi eða hvenær; en svo mikil ljúfmennska fer mér sjaldan úr minni.

Safnamál . 19

Jeg það Blöndal í haust að senda þér 1-5 eintök af bækling mínum „Um fornar slóðir“, og hafi hann gert það máttu eiga þau eintök — í sölulaun, og velkomnir 5 aurar í viðbót contant (við tækifæri)! Kveríð er mitt örverpi, og fáir kæra sig um þann varning, utan kannske fáeinir kunningjar á „fornu stöðvunum“ sjálfum. Nú hafa Íslendingar í flestum sveitum, og einkum hér nyðri [svo], unnið afreksverk, sem forfeðurnir hefðu látið ógert þrátt fyrir frelsið hálofaða, hreystina og menninguna: það er að þola 20 vikna innistöðu alls fénaðar! Því þótt eitthvað „falli“ í útsveitum, eða þeim plássum, þar sem öll hey voru skemd, er ekki tiltökumál. Og þó vantar herslukippinn, hann er sá, að enginn fjárbóndi á landi hér ætli nokkurri skepnu minna fóður en dugi til *fordaga!* Þetta mun ýmsum þykja öfgar og ókleyft í flestum sveitum. En svo er ekki, heldur bein krafa skynsemi og reynslu! Í landbúnaðinum mun ekkert annað óbrygðult ráð finnast, ef fyrirbyggja skal hallæri. Eða sérðu annað?

Til hvers eru allar jarðabætur og alt það stref og staut, ef skepnum eru sviknar um fóðrið? En — ég hef hvorki tíma né vit til að kenna þér heimspeki í búskap, þú getur eflaust beðið til Drottins fremur en jeg og — Sölfi gamli Helgason, sem það hinn algóða um allar náðargáfur „nema heimspeki“, því af henni hefði hann ærið nóg. —

Og nú eru þeir búnir að koma H. Hafstein fyrir kattarnef, sjái þeir nú til að eftirmenn hans fylli sætið betur! Ég vil engan ráðherra nema undir *jarli* eða óháðum ríkis- eða landstjóra, sem ekki væri við flokka bundinn eða þingræði. Flokkar demóralísera hvern ráðherra eða reka óðara frá völdum.

Héðan fátt nýtt í dag, fyrsta gróðarstund á þessu vori, og þó er kulið vestan. En fénaður allur úr háska og ekki óvænlegt með aflabrögð úti fyrir.

Fyrirgefðu jeg gleymdi að skemta þér með skáldlegu bulli, enda er allt slíkt óðum að hverfa í körina ásamt húsbóndanum.

Öll blessun fylgi þér og þínum og þar með allri þinni þinghá, já öllu Norður-Vestur-Suður- og Austurlandi, *plús*: öllum alheiminum! —

Getið þið ekki (í einhv. samsæti t.a.m.) glatt aumingja spítala-Þórð ykkar og okkar með fáeinum aurum? Hann gleður smátt, eins og hryggir.

Vertu svo margblessaður!

Þinn einl. vinur

Matth. Jochumsson.

(Hsk. 509, 4to.)

Stólræða um landbúnað

Skömmu áður en séra Þórhallur Bjarnarson varð biskup, kom hann í Breiðafjarðardali og predikaði á Sauðafelli. Eftir messu hélt hann ræðu um landbúnað, en hann hafði líka minnst á búnað í stólræðu sinni. Steingrímur Thorsteinson skáld var staddur á Sauðafelli og hlýddi á ræður prests. Þá varð honum af munnni:

Bærilega ber hann kjólinn,
biskupsefni þessa lands;
að Sauðafelli sté í stólinn:
stamaði klökkur hempudólinn
um kosti og gæði kúahlands.

(Hsk. 149, 8vo.)

Samkveðlingur Jóns Mýrdals og sr. Þorsteins á Hálsi

Jón Mýrdal skáld var um tíma hjá séra Þorsteini Pálssyni á Hálsi. Eitt sinn voru þeir á gangi og fóru framhjá stórum, jarðföstum steini. Prestur sneri sér að Jóni og sagði:

Hér er fallett foldarnegg
fast í jörðu niður.

Jón botnaði:

Það má kalla seigan segg,
sem því létt upp ryður.

(HSk. 149, 8vo.)

— . —

Blaðamenska

Eftirfarandi vísur, *Brot úr ferðasögu*, hefur vesturíslenzka skáldið K.N. sent kunningja sínum í bréfi, en höfðað er til viðtals, sem trúlega hann, fremur en einhver annar, hefur átt við blöðin Heimskringlu og Lögberg.

„Kjaftinn spara ei kostur var
að „Kringlu“ og „Bergi“.
Forvitnara fólk en þar
Þú finnur hvergi.

Nauðugur ljúga margur má
og marklaust rita.
Þeir „interviewa“ allt eins þá,
sem ekkert vita.

Yours truly,

K.N.“

Hver er maðurinn?

Í 2. árg. Safnamála (1978) birtust fyrst ljósmyndir undir þessari fyrirsögn, og hefur verið fram haldið síðan. Rétt er að vekja athygli á því, að safnið hefur einnig fengið inni með myndagátur sínar hjá Heima er bezt, í 31. árg., 2., 3. og 5. tbl. og þráðurinn tekinn upp aftur á þessu ári; enn fremur birtast óþekktar myndir í Feyki.

Í 6. árg. Safnamála (1982) voru myndir valdar af handahófi. Eftirtekjan reyndist þessi: Á mynd nr. 97, talið frá vinstri er Björn (Gunnlaugsson) Blöndal læknir á Hvammstanga (1865-1927), t.h. sr. Finnbogi Rútur Magnússon prestur á Húsavík o.v. (1858-1890). Heimildarmaður er Helgi Hálfðanarson. Maðurinn á 109. mynd er Hrólfur Jakobsson frá Illugastöðum á Vatnsnesi (d. 1910), bróðir Jakobs skipstjóra í Neskaupstað og föðurbróðir Jakobs fiskifræðings; einnig hálfbróðir Guðmundar Arasonar, sem lengst bjó á Illugastöðum. Heimild: Þór Magnússon þjóðminjavörður. Á mynd nr. 110 er Árni Þorleifsson bóndi á Yzta-Mói í Fljótum (d. 1889). Heimild: Sigurbjörg Jónsdóttir, Gýgjarhóli. Nr. 113: Geir Zoëga kaupmaður og útvegsmaður í Reykjavík († 1917). Heimild: Þór Magnússon þjóðminjavörður.

Á mynd nr. 36 í 3. árg. Safnamála er Soffía Björnsdóttir húsfreyja á Steinsstöðum í Öxnadal og börn hennar Helga Sveinsdóttir og Brynjólfur Sveinsson. Heimild: Geir S. Björnsson prentsmiðjustjóri eftir sögn Kristínar Jónsdóttur.

Þá er að snúa sér að myndum þeim, sem hér birtast og veita tiltækar upplýsingar. Fjórar fyrstu myndirnar (114-117) eru teknar í Kaupmannahöfn. Nr. 118-121 eru gerðar af Arnóri Egilssyni; næsta mynd er tekin á ljósmyndastofu H. Schiöth á Akureyri. Nr.

123 tók Eyjólfur Jónsson, Seyðisfirði; nr. 124, Jón Guðmundsson, Ljárskógum. Næsta mynd er eftir Ól. Oddsson & Dahlmann, Reykjavík; nr. 126 tók P. Brynjólfsson s.st.; nr. 127 Sigfús Eymundsson. Aftan á henni stendur: „Gleðilegt sumar elsku Gústa mín, óskar þín Magga“. Stúlkan á mynd nr. 128 sat fyrir hjá Jóni Pálma á Sauðárkróki og ennfremur sú á nr. 129. Myndir nr. 130-133 eru allar teknar í Danmörku. Arnór Egilsson á Hæli ljósmyndaði konurnar á mynd nr. 134. Konurnar á myndunum nr. 135 og 136 sátu fyrir hjá Hallgrími Einarssyni, Seyðisfirði. Mynd nr. 137 er tekin af Carl Olafsson, Reykjavík. Myndasmiður að nr. 138 er E.H. Arnórsson, Akureyri. Mynd nr. 139 er eftir Engel Jensen, Oddeyri. Myndir nr. 140-143 eru allar ómerktar, þó stendur aftan á mynd nr. 142: „Guðríður Friðriksdóttir, Húnvetningur“.

K. B.



114



115



116

Safnamál . 24



117



118



119




120



121



122



123



124



125



126



127



128



129



130



131



132



133



134



135



136



137



138



139



140



141



142



143

Safnafréttir

Í páskavíkunni voru þrjár sýningar uppi í Safnahúsinu, þ.e. sýning á myndum og texta úr lífi Bertels Thorvaldsen, sem Safnahúsinu voru gefnar s.l. vetur og nefnt er í ársskýrslunni. Þá var farandsýning frá Þjóðminjasafni Íslands, ljósmyndir, er sýna gerð og þróun íslenska torfbæjarins. Loks var sýning á pastellmyndum eftir fær-
eyskan listamann, kom hún á vegum Norræna félagsins á Sauðárkróki.

Í sælúviku sýndi Katrín H. Ágústsdóttir 67 verk, teikningar, vatnslitamyndir og myndir unnar með batikaðferð. Aðsókn var góð að þessum sýningum og seldi Katrín allmargar mynda sinna.

SKAGFIRZK FRÆÐI

Sölufélag Skagfirðinga hefur m.a. til sölu eftirtalin verk:

Skagfirzkar æviskrár 1890-1910, I-IV bindi

Skagfirzkar æviskrár 1850-1890, I bindi

Skagfirðingabók, ársrit Sögufélagsins, I-II hefti

Saga Sauðárkróks, I-III bindi

eftir Kristmund Bjarnason á Sjávarborg

Jón Ósmann ferjumaður eftir Kristmund Bjarnason

Fólk og fróðleikur, afmælisrit

tileinkað Kristmundi Bjarnasyni sextugum



Minningarkort

Fræðasjóðs
Skagfirðinga
fást í

Safnahúsinu
við Faxatorg,
Verzlun Haraldar
Júlíussonar

og hjá

Kára Jónssyni,
Smáragrund 16

útlán

BÓKASAFNIÐ

Mánudaga	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Þriðjudaga	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Miðvikudaga	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Fimmtudaga	kl. 7.30—10.00 s.d.
Föstudaga	kl. 2.00— 6.30 s.d

Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

er opið til afgreiðslu

Fimmtudaga	kl. 8.00—10.00 s.d.
Föstudaga	kl. 2.00— 6.00 s.d.



SAFNAHÚS
SKAGFIRÐINGA